

**Sp. 221. Tillaga til þingsályktunar [120. mál]**

um kosningu millipinganefndar til að endurskoða lög um útflutningsverzlun og gjaldeyrismál.

Flm.: Þórarinn Þórarinsson, Sigurvin Einarsson, Einar Ágústsson,  
Ingvar Gíslason.

Alþingi ályktar að kjósa sjö manna millipinganefnd með hlutfallskosningu í sameinuðu þingi til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli og reglugerðir um útflutningsverzlun landsmanna, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlun. Nefndin skal sérstaklega kynna sér, hvernig er háttáð framkvæmd laga um þessi mál og hvaða endurbóta muni þörf, og semja samkvæmt því frumvarp til nýrra heildarlaga um þessi mál. Kappkosta skal, að störfum nefndarinnar verði lokið fyrir næsta reglulegt Alþingi.

Nefndin kys sér sjálf formann.

**Greinargerð.**

Öll útflutningsverzlun landsmanna er í dag háð leyfisveitingum, og hefur svo verið um langt skeið. Stafar þetta m. a. af því, að ekki hefur þótt gefast vel að hafa sölu sjávarafurða í höndum margra aðila. Slíku langvarandi kerfi leyfisveitinga fylgir hins vegar sú hættu, að ýmisleg misnotkun geti átt sér stað. Þar er sú hættu ekki minnst, að af persónulegum eða pólitískum ástæðum séu útflutningsleyfi veitt aðilum, sem ekki reynast þess trausts maklegir, og framleiðendur útflutningsafurða verði því fyrir meiri eða minni skakkaföllum. Það er því ekki aðeins skylda Alþingis að vanda vel alla lagasetningu um slíkar leyfisveitingar, heldur að fylgjast vel með því, hvernig framkvæmd slíkra laga er háttáð.

Samkvæmt gildandi lögum er öllum hérlandum aðilum skylt að selja Seðlabankanum eða öðrum bönkum, sem hafa leyfi til gjaldeyrisverzlunar, allan erlendan gjaldeyri, sem þeir eignast, án óeðlilegs dráttar. Allt eftirlit með þessum málum hefur orðið umfangsmeira og margbrotnara hin síðari ár en áður, m. a. vegna breytinga, sem orðið hafa á skipan innflutningsmála. Gjaldseyriseftirlit mun þó ekki hafa verið eflt að sama skapi. Því er mikil nauðsyn, að Alþingi kynni sér til hlítar framkvæmd þessara mála og setji um þau ný lagafyrirmæli í samræmi við það, sem reynslan leiðir í ljós, að sé nauðsynlegt.

Af þessum ástæðum, sem hér hafa verið greindar, þykir flutningsmönnum sjálfsagt, að Alþingi kjósi millipinganefnd til að endurskoða öll gildandi lagafyrirmæli um útflutningsverzlunina, skil á gjaldeyri og gjaldeyrisverzlunina yfirleitt. Alveg sérstaklega þykir nauðsynlegt, að nefndin kynni sér vel, hvernig framkvæmd þessara mála er nú háttáð og hvaða endurbætur komi þar helst til greina. Að lokinni þessari endurskoðun og athugun semji nefndin frv. til heildarlaga um þessi mál.

Áherzla er lögð á, að störfum millipinganefndarinnar verði hraðað og næsta reglulegt Alþingi geti fjallað um störf hennar.